



Sníðum okkur stakk eftir vexti – reglustefna og eftirfylgni

janúar 2015

Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri



Alþjóðleg þróun

- OECD, tilmæli frá 2012 um reglustefnu, „evidence based regulation“
- ESB, nýja framkvæmdastjórnin leggur ríka áherslu á “ smarter regulation“
- Engilsaxnesk lönd, Þýskaland, Holland, Svíþjóð standa frammarlega: d. regluráð og one in – two out
- Þessi þróun að miklu leyti ópólítísk, viðleitni til að draga úr reglubyrði og auka hagvöxt - samkeppnishæfni



Þróun hér á landi fram til 2013

- Mat á áhrifum sem í fyrstu var ein skorðað við ríkissjóð verður smám saman viðtækara.
- Vaxandi skilningur á þýðingu samráðs.
- Gegnsærra lagasetningarferli, d. þingmálaskrá ítarlegri
- Skrifstofa löggjafarmála í forsætisráðuneyti, þungamiðja gæðastarfs, yfirlestur stjórnarfrumvarpa, fræðsla til ráðuneyta, áhersla á samstarf við Alþingi

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar



Source: www.government.is

■ „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir endurskoðun regluverks atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni þess að leiðarljósi. Markmið hennar verður að minnka skrifræði og einfalda samskipti við opinbera aðila um leið og kostnaði er haldið niðri.

■ Sérstakt markmið er að engar nýjar íþyngjandi reglur verði innleiddar fyrir atvinnulífið án þess að um leið falli brott jafnveigamiklar kvaðir. Þannig munu heildaráhrif regluverksins þróast í rétta átt.“



Aðgerðaáætlun samþykkt vorið 2013

> Einföldun gildandi reglna

> Vandaður undirbúningur nýrra reglna

Samstarfsaðilar:

Alþingi, ráðuneyti, sveitarfélög, SA, ASÍ, Viðskiptaráð Íslands



Helstu aðgerðir til einföldunar

- Ferðapjónustan skoðuð – tilraunaverkefni
- Gefin út handbók um einföldun regluverks
- Stefnumörkun um að tilkynningarskylda komi í stað leyfis
- Verið að þróa „one-stop-shop“ fyrir samskipti fyrirtækja við stjórnvöld
- Verið að móta viðmið um starfsemi og stjórnskipulag eftirlitsstofnana



Nýsmíði reglna - aðgerðir

- Handbók um lagasetningu í endurskoðun
- Athygli ríkisstjórnar vakin á því ef frumvarp felur í sér íþyngjandi reglur fyrir atvinnulífið
- Hertar kröfur varðandi þingmálaskrá - mat á nauðsyn og verkefnisáætlun
- Einn samráðs- og ábendingavefur í bígerð
- Verið innleiða verkefnastjórnun í ráðuneytum



Eftirfylgni

- Ytra gæðaeftirlit – regluráð - ráðgjafarnefnd
- Aukin áhersla á samantektir og tölulegar upplýsingar um löggjöf



Þróun regluverks - dæmi

Jónsbók, 1281	Náttúruverndar- lög nr. 44/1999	Náttúruverndarlög nr. 60/2013
<p>Kap. 58. <i>Hvat veiða má á annars manns jörðu.</i></p> <p>...</p> <p>Eigi skal maðr útan orlofs lesa ber á annars jörðu til heim at bera.</p>	<p>24. gr. <i>Tínsla berja, sveppa, fjallagrasa og jurta.</i></p> <p>Í þjóðlendum og afréttum er öllum heimil tínsla berja, sveppa, fjallagrasa og jurta.</p> <p>Tínsla í eignarlöndum er háð leyfi eiganda lands eða rétthafa. Þó er mönnum heimil tínsla til neyslu á vettvangi.</p>	<p>27. gr. <i>Tínsla berja, sveppa, fjallagrasa, jurta og fjörugróðurs.</i></p> <p>Í þjóðlendum er öllum heimilt að tína ber, sveppi, fjallagrös og jurtir og einnig skeldýr og söl, þang, þara og annan fjörugróður í fjörum.</p> <p>Í eignarlöndum er tínsla berja, sveppa, fjallagrasa, jurta, skeldýra og fjörugróðurs háð leyfi eiganda lands eða rétthafa. Þó er mönnum heimilt að tína til neyslu á vettvangi.</p> <p>Heimildir skv. 1. og 2. mgr. ná ekki til jurta í A- og B-hluta náttúruminjaskrár.</p> <p>Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um tínslu berja, sveppa, fjallagrasa, jurta og fjörugróðurs í atvinnuskyni, m.a. um að tilkynna skuli Náttúrufræðistofnun Íslands um magn og tegund þess sem tínt er og tínslustað og heimild Umhverfisstofnunar til að banna eða takmarka tínslu einstakra tegunda eða á afmörkuðum svæðum ef það er nauðsynlegt vegna verndunar einstakra tegunda eða til að koma í veg fyrir ofnýtingu svæða. Ákvarðanir um bann eða takmarkanir á tínslu einstakra tegunda eða á afmörkuðum svæðum skulu háðar staðfestingu ráðherra og skulu birtar með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.</p> <p>Tínsla, sem brýtur í bága við staðfesta ákvörðun Umhverfisstofnunar samkvæmt grein þessari, varðar refsingu, sbr. 90. gr.</p> <p>Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um notkun tækja og verkfæra til tínslu jarðargróðurs samkvæmt þessari grein. Er honum heimilt að leggja bann við notkun þeirra ef hætta er á að hún valdi spjöllum á náttúru landsins.</p>




Áskoranir

- Oftrú á löggjöf, skortur á þekkingu varðandi önnur stjórnæki ríkis/markaðar
- Alþjóðavæðing - EES
- Lagasetning talin mælikvarði á árangur ríkisstjórnar og atorku þingmanna
- Of mikil áhersla á nýsmíði reglna – endurmat löggjafar vanrækt
- Aukin skilvirkni í ferlinu: ráðuneyti/þing



Löggjafar-hringrás





Áskoranir

- Sjaldnast greint frá valkostum við útfærslu frumvarps
- Mat á áhrifum enn brotakennt
- Samræma þarf betur nálgun ráðuneyta varðandi samráð
- Áætlanagerð og skipulag – einungis rúmlega 50% þingmála á þingmálaskrá lögð fram á síðasta vetri
- Misgengi laga og fjárlaga



Sníðum okkur stakk eftir vexti

- Hugsum stórt en byrjum smátt
- Leitum leiða til að laga regluverkið og stofnanir ríkisins að smæð samfélagsins